

Reglur Landbótasjóðs Lands og skógar



Landbótasjóður var stofnaður árið 2003. Land og skógur leggur honum til fjármagn sem veitt er til landbótaverkefna en öðrum aðilum er jafnframt heimilt að styrkja starfsemi sjóðsins.

1. Markmið

Markmið Landbótasjóðs er að hvetja og styðja umráðahafa lands til verndunar og endurheimtar þurrlendisvistkerfa auk þess að stöðva hnignun vegna jarðvegsrofs og gróðureyðingar.

2. Auglýsingar og umsóknir

Landbótasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki eigi síðar en í janúar ár hvert. Í auglýsingunni skulu koma fram leiðbeiningar um umsóknarferil og umsóknarfrestur. Umsóknum verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- nafn og heimili umsækjanda
- ábyrgðaraðili verkefnis
- netfang ábyrgðaraðila
- símanúmer ábyrgðaraðila
- heiti verkefnis og landfræðileg staðsetning
- lýsing á landnýtingu
- áætlun þar sem fram koma markmið, fyrirhuguð staðsetning aðgerða, árangursmat, umfang verkefnis ásamt verk- og tímaáætlun.

Ófullnægjandi umsóknum verður hafnað með tilvísun til viðkomandi annmarka.

3. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum er lögð áhersla á verkefni sem taka mið af:

- markmiðum laga nr.155/2018 um landgræðslu er varða sjálfbæra landnýtingu, vernd, endurheimt vistkerfa og stöðvun eyðingu jarðvegs og gróðurs
- alþjóðlegum samningum og skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist um vernd og endurheimt náttúrulegra vistkerfa svo sem samning um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, samning um varnir gegn myndun eyðimarka og loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna
- heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- aðgerðum sem styðja við nýtingu lífrænna efna, staðbundinna aðfanga og annarra þátta sem styðja við hringrásarkerfið
- jákvæðum samfélagslegum áhrifum
- fræðslugildi verkefnis
- nýsköpun í aðferðum til að auka skilvirkni verkefna
- raunhæfni verkefnis

Sjóðurinn styrkir m.a. ekki eftirtalin verkefni:

- endurheimt votlendis
- bakkavarnir og varnargarða
- tækjakaup
- aðgerðir sem orsaka spjöll á gróðri og jarðvegi
- notkun fjölærra framandi tegunda
- heygjöf, hjá útigangi
- girðingaverkefni

Öll verkefni verða tekin út og áætlun yfirfarin af sérfræðingum Lands og skógar. Stofnunin áskilur sér rétt til að taka út fyrirhugað endurheimtarsvæði og veita ráðgjöf að sumri áður en tekin er ákvörðun um úthlutun til verkefnisins.

4. Úthlutun

Forstjóri Lands og skógar skipar verkefnisnefnd Landbótasjóðs sem metur styrkhæfni umsókna. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögu að úthlutun styrkja til forstjóra. Öllum umsóknum skal svarað skriflega innan sex vikna frá lokum umsóknarfrests og er úthlutun birt inn á Island.is, jafnframt skal birta upplýsingar um styrkveitingar ársins á heimasíðu stofnunar.

Heimilt er að styrkja verkefni til allt að fimm ára. Einnig er heimilt að hluti stuðnings til verkefna sé nýttur til nánari útfærslu áætlana, svo sem árangursmats, á fyrsta ári gildistíma.

Við forgangsröðun umsókna er m.a. tekið mið af eftirtöldum atriðum:

- að verkefnið falli að lögum um landgræðslu, alþjóðlegum samningum sem Íslandi er aðili að og öðrum viðmiðum um endurheimt vistkerfa
- að verkefnið falli vel að landslagi og unnið sé með landslagsheildir
- hvort umsækjandi hafi áður hlotið styrk og lokið viðkomandi verkefni með fullnægjandi hætti
- beitarfriðuð svæði hafa forgang umfram beitt svæði og geta fengið hærra styrkhlutfall

Meginregla er að styrkur getur numið allt að 2/3 hluta af reiknuðum kostnaði við vinnu og kaup á aðföngum. Land og skógur leggur mat á kostnað verkefna og miðar við gildandi verðskrá stofnunarinnar fyrir viðkomandi verk þar sem því verður við komið. Hver styrkveiting getur ekki numið meiru en 10% af heildarfjármagni sjóðsins.

5. Ábyrgð

Ábyrgðaraðili ber fyrir hönd styrkþega ábyrgð á umsjón og framkvæmd verkefna og að unnið sé í samræmi við umsókn og úthlutun. Þeim er skylt að leita umsagna og afla tilskilinna leyfa, s.s. framkvæmdaleyfa, eftir atvikum.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að senda inn til Landbótasjóðs/Lands og skógar gögn er snúa að umfangi og staðsetningu aðgerða þ.m.t að safna saman gögnum. Skil á fullnægjandi gögnum er skilyrði greiðslu. **Sérstök athygli er vakin á að allar aðgerðir skulu vera GPS-ferlaðar.**

6. Uppgjör

Til að greiðsla geti farið fram þarf ábyrgðaraðili að senda upplýsingar um framkvæmd, s.s. **GPS staðsetningu og umfang verkefnis fyrir 1. október** skv. leiðbeiningum sem sendar verða styrkþegum. Vakin er athygli á að styrkþegi og eigandi reiknings sem styrkur er greiddur inná, þarf að vera sá sami. Fyrir verkefni sem unnin eru að hausti, dreifing á lífrænum áburði, er heimilt að veita undanþágu frá ofangreindri dagsetningu með skriflegu samþykki Lands og skógar til allt að eins mánaðar. Hafi gögn ekki borist á réttum tíma fellur styrkur niður að fullu.

Vanefndir á verkefni kunna að leiða til kröfu um endurgreiðslu, hafi hluti styrks þegar verið greiddur.

Verkefni sem hljóta hærri styrk en 500.000 kr. geta, þegar verk er hafið, fengið helming hans greiddan sé þess óskað. Eftirstöðvar eru greiddar að verki loknu þegar tilskildum gögnum hefur verið skilað.

Land og skógur tilgreinir magn uppgræðsluefnis sem nota skal við uppgræðslu og er það tilgreint í úthlutun og/eða leiðbeiningum um uppgræðslu, á miðlum Lands og skógar. Sé magn þess efnis sem dreifa skal (s.s. tilbúinn/lífrænn áburður eða heyrúllur), stærð aðgerðarsvæðis sem unnið er á eða aðrir þeir þættir sem áhrif hafa á niðurstöðu úthlutunar - minni en tilgreint var í umsókn og úthlutunin tók mið af, þá skerðist styrkur hlutfallslega.

7. Framkvæmd

Dreifingu tilbúins áburðar og sáningum skal vera lokið fyrir 10. júlí hvers árs, ella kann styrkupp hæð að verða skert skv. ákvörðun Lands og skógar:

- dreifing milli 15. og 31. júlí: 30% skerðing.
- dreifing 1. ágúst eða síðar telst ekki styrkhæf og fellur styrkur þá niður.

Óskir um frávik frá þessum tímafresti skulu berast fyrir 10. júlí, á netfangið lbs@landogskogur.is. Þessi tímafrestur á eingöngu við um það þegar unnið er

með tilbúinn áburð og fræ í tengslum við hann. Flutningur og dreifing á lífrænum áburði skal vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og skv. leiðbeiningum um góða búskaparhætti frá árinu 2002 sem og áburðarstefnu Lands og skógar. Þar kemur m.a. fram að óheimilt sé að dreifa lífrænum áburði á frosna jörð og er slík dreifing því ekki styrkhæf hjá Landbótasjóði.

Heimilt er að uppfæra áætlun í samræmi við framgang verkefnisins og niðurstöður árangursmats á gildistíma þess. Skal hún framkvæmd í samráði við sérfræðinga Lands og skógar og er háð skriflegu samþykki þeirra.

Land og skógur

Janúar 2025

Ágúst Sigurðsson
Forstjóri Lands og skógar

Garðar Þorfinnsson
verkefnisstjóri Landbótasjóðs